

**575. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
fimmtudaginn 12. ágúst 2021
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Nancy Rut Helgadóttir (NRH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvor athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 575 lögmætan.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2022-2025 - 2108058

Lögð fram tillaga að vinnu- og fundaaætlun vegna vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.
Vinnu- og fundaaætlun vegna vinnu við gerð fjárhagsáætlunar er samþykkt samhljóða.

2. Viðbótarframlag 2020 - 2107017

Minnisblað frá Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks dags. 30.06.2021 vegna viðbótarframlaga vegna reksturs ársins 2020. Jafnframt er lögð fram fundargerð fundar framkvæmdastjóra sveitarfélaga á Vestfjörðum vegna málefna BsVest sem fór fram 02.06.2021. Í minnisblaðinu kemur fram að hlutur Tálknafjarðarhrepps vegna viðbótarframlaga til BsVest fyrir árið 2020 er kr. 574.931,-.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða hlut Tálknafjarðarhrepps að upphæð 574.931,- vegna viðbótarframlaga vegna rekstur BsVest árið 2020 og felur sveitarstjóra að leggja fram viðauka vegna þess.

Sveitarstjórn harmar hversu seint upplýsingar um breytingar á rekstrarstöðu síðasta árs berast til aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins. Sveitarstjóra er falið að koma áhyggjum sveitarstjórnar vegna verkferla í slíkum málum á framfæri við stjórn BsVest.

3. Samfélagssáttmáli um fiskeldi á Vestfjörðum - 2107005

Samfélagssáttmáli fiskeldissveitarfélaga um fiskeldi á Vestfjörðum lagður fram.

Sveitarstjórn staðfestir samfélagssáttmálann samhljóða.

4. Styrkbeiðni - 2106219

Erindi frá Hlín Agnarsdóttur fyrir hönd Menningarhátíðar í Dunhaga sumarið 2021 dags. 15.06.2021 þar sem óskað er eftir styrk vegna hátíðarinnar.

Sveitarstjórn fagnar því framtaki sem felst í framkvæmd Menningarhátíðar í Dunhaga. Styrkur sveitarfélagsins til verkefnisins felst í þegar samþykktum styrk til leiksýningar sem var hluti af hátíðinni.

5. Fundur sveitarstjórnar í september 2021 - 2108056

Minnisblað frá sveitarstjóra dags. 09.08.2021 þar sem lagt er til að reglubundinn fundur sveitarstjórnar í september 2021 fari fram fimmtudaginn 02.09.2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að reglubundinn fundur sveitarstjórnar í september fari fram fimmtudaginn 02.09.2021.

6. Íbúðir ætlaðar eldri borgurum - 1905038

Á fundinum verður lagt fram minnisblað vegna stofnfjárframlags til íbúða ætluðum eldri borgurum.

Afgreiðslu er frestað.

7. Lóð fyrir spennistöð við Dunhaga - 1905085

Mál af 54. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 09.08.2021. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að tillaga byggingarfulltrúa dags. 02.07.2021 að lóð fyrir spennistöð OV við Dunhaga verði samþykkt.

Sveitarstjórn telur að skoða þurfi skipulagsmál á því svæði sem um ræðir í stærra samhengi og því er afgreiðslu tillögunnar frestað.

8. Samningur vegna almenningsamgangna - 2108048

Samningur Vestfjarðastofu, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar um styrk vegna verkefna á sviði almenningsamgangna. Samningurinn tekur til verkefnis um pöntunarakstur í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi, 2020, 2021, 2022 og 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.

9. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 54 - 2104002F

Fundargerð 54. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 09.08.2021.

Fundargerðin er staðfest samhljóða. Mál nr. 4 á fundinum, með málsnúmer 1905085, er þó áður afgreitt á fundinum.

9.1 2107043 - Afgösunarhús, umsókn um byggingarleyfi

9.2 2106247 - Vatnslögn frá Tunguvirkjun inn á Hvítalæk

9.3 2105116 - Erindi vegna Strandgötu 25

9.4 1905085 - Lóð stærð lóðar við Dunhaga

10. Útboð sorphirðu - 2104016

Opnunarskýrsla frá Ríkiskaupum dags. 29.07.2021 vegna útboðs á sorphirðu í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi.

Lagt fram.

11. Styrkvegir - 2107003

Erindi frá Vegagerðinni dags. 24.06.2021 þar sem tilkynnt er um að samþykkt hafi verið að úthluta kr. 4.000.000,- til styrkvega í Tálknafjarðarhreppi.

Lagt fram.

Sveitarstjórn fagnar úthlutun Vegagerðarinnar til styrkvega í Tálknafjarðarhreppi og

felur sveitarstjóra að undirbúa framkvæmdir í samráði við Vegagerðina.

12. Framkvæmdir í Íþróttamiðstöð. - 2005065

Staða verkefna vegna framkvæmda í Íþróttamiðstöð.
Afgreiðslu er frestað.

13. Rekstraryfirlit 2021 - 2105049

Rekstraryfirlit fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2021.
Afgreiðslu er frestað.

14. Fiskeldissjóður 2021 - 2108057

Auglýsing frá Fiskeldissjóði þar sem óskað er eftir umsóknum vegna úthlutunar ársins 2021.
Lagt fram.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sækja um styrk til Fiskeldissjóðs til hafnarframkvæmda.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps er vonsvikin að þurfa að sækja um framlag úr sjóði sem er fjármagnaður með opinberum gjöldum greiddum af starfsemi er fer fram við stendur sveitarfélagsins. Sjóðurinn úthlutar til verkefna sem snúa að styrkari samfélagsgerð; uppbyggingu innviða; vinnu að loftslagsmarkmiðum og umhverfisvernd t.d. í fráveitum; vegna uppbyggingar aðstöðu í landi og til nýsköpunar. Öll þessi atriði eru verkefni sem sveitarfélög sinna nú þegar og því væri rétt að opinbert fjármagn sem verður til vegna starfsemi fiskeldisfyrirtækja renni beint til viðkomandi sveitarfélaga. Þetta nýja fyrirkomulag skapar óþarfa spennu milli sveitarfélaga, kallar á aukna vinnu og kostnað og getur verið þungur baggi fyrir lítil sveitarfélög. Það hlýtur að vera hægt að treysta sveitarfélögunum til að fara með það opinbera fé sem er ætlað til uppbyggingar fiskeldissamfélaga í stað þess að þau séu neydd í betliferðir til Reykjavíkur eftir fjármagni. Það getur ekki talist hagkvæmasta leiðin til að fara með opinbert fé.

15. Ársskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða 2020 - 2107001

Ársskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2020 lögð fram.
Lagt fram.

16. Grænbók um samgöngur - 2108059

Drög frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 06.07.2021 að grænbók um samgönguáæltun.
Lagt fram.

17. Grænbók um fjarskipti - 2108060

Drög frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 07.07.2021 að grænbók um fjarskipti.
Lagt fram.

18. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2021 - 2101521

Minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna lagt fram.

Lagt fram.

19. Þinggerð 66. Fjórðungspings Vestfirðinga - 2105028

Þinggerð 66. Fjórðungspings Vestfirðinga sem fór fram í Reykhólahrepp 02.06.2021.

Lagt fram.

20. Fundargerðir 2021 Hafnasamband - 2101560

Fundargerð 435. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 04.06.2021.

Lagt fram.

21. Fundargerðir 2021 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2102594

Fundargerð 899. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 11.06.2021.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:15.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Björgvín Smári Haraldsson (BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)